



Prestur: Sr. Sigurður Grétar Sigurðsson

Organisti: Arnór Vilbergsson

Einsöngur: Valdimar Guðmundsson

Söngur: Félagar úr Kór Keflavíkurkirkju

Umsjón útfarar: Útfararþjónusta Suðurnesja

Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og hlýhug. Þeir bjóða kirkjugestum að þiggja veitingar í Gerðaskóla að athöfn lokinni.



Jón Gunnar Torfason

Fæddur 29. júní 1949

Látinn 22. ágúst 2024



Útför frá Útskálakirkju
föstudaginn 6. september 2024

Forspil

I Think of Angels

Kristján Kristjánsson

Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphæðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::
hærra til þín.

Matthías Jochumsson / Adams

Ritningarlestur

Rósín

Undir háu hamrabelti
höfði drúpir lítil rós,
þráir lífsins vængjaviddir,
vorsins yl og sólarljós.

Ég held ég skynji hug þinn allan,
hjartasláttinn, rósín mín,
er kristalstærir daggardropar
drjúpa milt á blöðin þín

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað.
Krjúpa niður, kyssa blómið,
hversu dýrðlegt fannst mér það.

Finna hjá þér ást og unað,
yndislega rósín mín.
Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei, það er minning þín.
Friðrik Jónsson / Guðmundur Halldórsson

Ritningarlestur

Can't Help Falling in Love

Hugo Peretti / Luigi Creatore / George David Weiss

Einsöngur

Guðspjall

Með þér

Bubbi Morthens

Einsöngur

Minningarorð

Orðin mín

Bragi Valdimar Skúlason

Einsöngur

Bæn & Faðir vor

Minning

Sumir hverfa fljótt úr heimi hér.
skritið stundum hvernig lífið er,
eftir sitja margar minningar.
Þakklæti og trú.

Þegar eitthvað virðist þjaka mig
þarf ég bara að sitja og hugsa um þig,
þá er eins og losni úr læðingi
lausnir öllu við.

Þó ég fái ekki að snerta þig
veit ég samt að þú ert hér,
og ég veit að þú munt elska mig
og geyma mig og gæta hjá þér.

Og þó ég fengi ekki að þekkja þig
þú virðist alltaf getað huggað mig,
það er eins og þú sért hér hjá mér
og leiðir mig um veg.

Þó ég fái ekki að snerta þig
veit ég samt að þú ert hér
og ég veit að þú munt elska mig
geyma mig og gæta hjá þér.

Og þegar tíminn minn á jörðu hér,
líðinn er þá er ég burtu fer,
þá ég veit að þú munt vísa veg
og taka á móti mér.
Ingibjörg Gunnarsdóttir / Bob Dylan

Moldun

Liljan

Ég leit eina lilju í holti,
hún lifði hjá steinum á mel,
svo blíð og svo björt og svo auðmjúk,
en blettinn sinn prýddi hún vel.
Ég veit það er úti um engin
mörg önnur sem glitrar og skín.
Ég þræti' ekki' um litinn né ljómann,
en liljan í holtinu' er mín.

Þessi lilja' er mín lifandi trú,
þessi lilja' er mín lifandi trú,
hún er ljós mitt og von mín og yndi.
Þessi lilja' er mín lifandi trú.

Og þó að í vindinum visni
á völlum og engjum hvert blóm,
og haustvindar blási um heiðar
með hörðum og deyðandi róm,
og veturinn komi með kulda
og klaka og hríðar og snjó,
hún lifir í hug mér sú lilja,
og líf hennar veitir mér fró.

Þessi lilja' er mín lifandi trú,
þessi lilja' er mín lifandi trú,
hún er ljós mitt og von mín og yndi.
Þessi lilja' er mín lifandi trú.
Þorsteinn Gíslason þýddi / Norskt lag

Blessun

Eftirspil

Það þarf fólk eins og þig

Rúnar Júlíusson / Buck Owens